


Alcopley

Yfirlitssýning 1944—1977
Kjarvalsstöðum, Reykjavík
10.—25. september, 1977

Retrospective 1944—1977
Kjarvalsstaðir, Reykjavik, Iceland
10.—25. September, 1977



Alcopley

Yfirlitssýning 1944—1977
Kjarvalsstöðum, Reykjavík
10.—25. september, 1977

Retrospective 1944—1977
Kjarvalsstaðir, Reykjavik, Iceland
10.—25. September, 1977

Málverk
Teikningar
Vatnslitamyndir
Steinprent
Bækur

Listráð Kjarvalsstaða

Litið land þarfnast stórlyndra vina. Alcopley er án efa einn þeirra og í meir en þrjátíu ár hafa tengsl hans, persónuleg og starfsleg, við Ísland verið náin. Sem vísindamaður hefur hann uppörvað hérlenda starfsbræður sína og meðan eiginkona hans, Nína Tryggvadóttir, var á lífi var heimili þeirra, í Reykjavík og New York, mörgum Íslendingum griðastaður. Eftir lát Nínu hefur Alcopley haldið á lofti minningu hennar og myndlist af stökum höfðingsskap, eins og sést á höggmynd þeirri sem hann og Sigurjón Ólafsson myndhöggvari gáfu borginni og stendur hér fyrir utan. Fyrir Íslendinga hefur persónuleiki og gjafmildi Alcopleys ef til vill skyggt á þá staðreynd að um langt skeið hefur hann verið í hópi fremstu myndlistarmanna í Bandaríkjunum, þótt ekki hafi hann haft eins hátt og sumir félaga hans. Olli því hlédrægni hans svo og óslitin vísindastörf. Alcopley tók á árunum 1940—50 virkan þátt í félagslífi og umræðum afstrakt-expressjónista og var einn af tólf stofnendum „klúbbsins" svonefnda á 8da Stræti í New York sem alls staðar er getið í bandarískri myndlistarsögu. Markmið þessara listamanna var að skapa nýja bandaríska list sem skyldi grundvallast á frjálsri tjáningu undirvitundar og anda og í þeim meginstraumi hafa verk Alcopleys verið æ síðan og sú næring sem hann þáði frá austurlenskri list hefur einnig auðgað list hans og vikkað. Verk hans eru um lífsorkuna, um tónlist og dans, — um efnið og andann. En sjón er sögu ríkari. Það er Listráði að Kjarvalsstöðum mikill heiður að mega heiðra Alcopley með stærstu yfirlitssýningu sem haldin hefur verið á verkum hans. Við viljum þakka listamanninum skilning hans og hlýðinglund. Einnig erum við í þakkarskuld við Flugleiðir og forstjóra þess, Sigurð Helgason og Upplýsingaþjónustu Bandaríkjanna þökkum við veitta aðstoð, svo og öllum þeim listamönnum íslenskum sem lögðu hönd á plóginn svo af þessari sýningu gæti orðið.

Aðalsteinn Ingólfsson
framkv. stjóri Listráðs

A small country needs large-hearted friends. Alcopley is undoubtedly one of that rare breed and for over thirty years he has had a close personal and professional relationship with Iceland. As a scientist he has encouraged his collegues in this country and while his wife, painter Nina Tryggvadóttir, was alive, their homes in Reykjavik and New York were a haven of peace and culture for many Icelanders. After Nina's untimely death Alcopley has kept alive her memory and vigorously promoted her art. His generosity can be seen in the sculpture to Nina's memory which he and sculptor Sigurjón Ólafsson gave to the city of Reykjavik and now stands outside this gallery. For many Icelanders, Alcopleys charm and open-handedness may have overshadowed the fact that for a long time he has been in the forefront of American painting, though he has not made loud noises about it like some of his collegues. This is in part due to his personal modesty, but mostly due to his deep involvement in medical research. Alcopley took an active part in the social life and discussions of the emerging abstract-expressionists in New York in the years 1940—50 and he was one of the founding members of "The Club" on 8th Street, which was a crucial event in the history of modern american painting. These painters had an objective, — to establish a new american art based on a free expression of the unconscious and the whole spirit of man and Alcopley's works have ever since been within that mainstream. The nourishment he took from the arts of the East further enrichened and extended his art. Alcopley's works are about the life-force, "élan vital", music, dance, the spirit and matter. But see for yourselves. It is a privilege for the arts council of Kjarvalsstaðir to be able to honour Alcopley with his largest retrospective so far. Needless to say we are deeply thankful to the artist himself for his understanding and cooperation. We are also indebted to Icelandic Airlines and its director, Sigurður Helgason and we thank the United States Information Service for its help. We are expecially grateful for the unflagging help given by many Icelandic artists, who made sure this show would become a reality.

Aðalsteinn Ingólfsson
Art Director



Vinur minn Alcopley er dularfullur maður, býr yfir mörgu, gæddur fjölþættum gáfum sem spanna ýmis svið og leiða hann í hulduheima. Hann lifir tvöföldu lífi og er hvorttveggja ríkt af reynzlu og árangri. Kannski á hér varla við að minnast á að hann er heimsfrægur vísindamaður á vettvangi blóðrannsókna, og hefur gert á því sviði merkilegar uppgötvanir, hylltur og margheiðraður fyrir af vísindastofnunum og lærdómssetrum víða um lönd og starfsbræðrum. Í þeirri veru nefnist hann Dr. Alfred L. Copley.

Hér á að tala um hann sem listamann, víðfrægan málara sem á mjög litríkan og fjölbreyttan feril að baki. Vináttа hans hefur skipt mig persónulega miklu máli, og margar ljúfar minningar vakna þegar ég skrifa þessar línur þótt hér verði fátt skráð í því efni. Fundir hér heima og úti í New York, á heimili hans þar við Central Park; á vinnustofu þeirra Ninu í Greenwich Village, borgarhverfinu fræga sem eitt sinn var griðland listamanna; gönguferðir um risaborgina sem oft minnir á frumskóg með lævi blöndnu mannlífi sínu; ferðir í sýningarsali borgarinnar, kynni af vinum hans; örvandi samtöl og lærdómsrík þar sem ég hef notið vitsmuna, þekkingar og örlætis. Okkar fyrstu kynni voru fyrir margt löngu í Parísarborg þegar Nina og hann bjuggu þar; mér vikur ekki úr minni hlýja og yfirlætisleysi sem þá strax mætti mér, og hef ég notið þess að vera landi Ninu og vinur.

Alcopley er fæddur í Þýskalandi 1910, og hlaut þar hina beztu menntun og listrænt uppeldi, meðal annars lærði hann að leika á fiðlu; enda bera verk hans mikið bragð af tónlist iðulega. Snemma beindist hugur hans að myndlist þótt hann yrði ekki atvinnumálari fyrr en 1939 þegar hann var orðinn 29 ára gamall, og minnir það á Gauguin og Kandinsky sem báðir fóru seint að helga sig myndlist, sjálfmenntaðir. En auk vísindalegrar sérþjálfunar á sviði læknisfræði hefur hugur Alcopley ætíð hneigzt til heimspeki, að ýmsum margvíslegum hugmyndum sem hafa töfrað hann, og kemur það fram bæði í vísindaiðkunum hans og

My friend Alcopley is a man of mysteries, of many aspects and blessed with talents in various fields which lead him into the unknown. He lives a double life and both of them are rich with experience and attainments. Maybe one should'nt mention at this stage that he is a renowned scientist in the field of rheology where he has made important discoveries, that he is a man many times lauded for his work by scientific institutions and seats of learning the world over as well as by his colleagues. In that guise he bears the name of Dr. Alfred L. Copley.

Here one should speak of him as an artist of great repute, with a colourful and many-sided career behind him. His friendship has meant a great deal for me personally and many fond memories awaken when I write this, but I shall not elaborate on them. Meetings here in Iceland and in New York, at his home overlooking Central Park, in his and Nina's studio in Greenwich Village, once a haven for artists, walks around the giant city which so often feels like a human jungle inhabited by threatening elements, visits to the city's galleries, meetings with his friends, stimulating conversations where I enjoyed his intelligence, knowledge and generosity. We met a long time ago in Paris when he and Nina lived there and I retain a vivid recollection of the warmth and lack of pretension with which I was received, obviously enjoying the advantage of being Nina's friend and countryman.

Alcopley was born in Germany in 1910 and received an excellent education as well as an artistic upbringing, among other things he learned to play the violin which goes some way towards explaining why his works so often are suggestive of music. He became interested in art at an early age, though he did'nt become a professional painter until 1939 when he was 29, which brings to mind the examples of Gauguin and Kandinsky who were both late starters in art, autodidacts. But apart from his

list þar sem áhorfandann grunar tengslin á milli þó Alcopley haldi þessum tveim starfssviðum aðgreindum. Tíu ára gamall segist hann hafa farið að iðka myndlist þegar hann var að alast upp í Dresden, og kynntist þá þegar myndum eftir Bauhaus-snillingana Klee og Kandinsky sem snurtu hann; reyndar kynntist hann Kandinsky sjálfum 14 ára gamall; þó hafði það enn meiri áhrif á hann að kynnast verkum gömlu meistaranna, enda varð hann snemma vel að sér í listasögu. Líka má geta naivistans Rousseau sem hreif hann með ferskleika sínum og dirfsku í litum, og má fyrst greina naiv-tímabil í list Alcopleys þó að vísu væri stutt, þar sem kenndi aðdáunar hans á Rousseau sem hann reyndar dáir enn. Því næst kemur í ferli hans að figúrativum expressjónisma sem sér stað í elztu myndum sýningarinnar hér þar sem greina má áhrif frá Van Gogh og þýzkum expressjónistum einsog Kirchner og Marc, frönskum fauvistum sem þýðir villidýrin vegna þess að mönnum þótti ofsaleg litameðferð þeirra, Dufy og Vlaminck, Soutine, og líka má nefna Kokoschka frá þeim tíma sem sá dvaldi í Dresden. Þriðja skeiðið sem glöggt má greina eru figúratíf verk undir áhrifum frá Matisse og Léger með fólki landslagi og sjávarmyndum; sem leiddi síðan út í abstraksjón eða fjórða skeiðið sem Al kallar sjálfur fúgu-abstraksjónina þar sem hann skráir einskonar hrynjandi í litum líkt og væru tónsmíðar án hljóða. Og loks kemur að skeiði sem má kalla abstrakt-expressjónisma þegar Al tók þátt í byltingu ameriskrar listar sem varð loks alþjóðleg, ekki síst fyrir áhrif frá evrópskum myndlistarmönnum sem höfðu setzt að í Bandaríkjunum þegar villimennska nazismans flæddi um Evrópu; og var Al einn af tólf stofnendum myndlistarhóps sem gegndi þar meginhlutverki. Einn þeirra var nánasti vinur hans Willem de Kooning, og meðal annarra í því liði voru Jackson Pollock, Franz Kline, David Smith, Hans Hofmann. Þetta var á árunum fyrir og um 1950.

Það er ekki seinna vænna að geta þess í þessu spjalli að Alcopley varð að flýja föðurland sitt skömmu eftir að nazisminn hremmdi það, bjó í Sviss 1935—37 en fór þá til Bandaríkjanna. Árið 1952 fluttust Nína og hann til Parísar, og bjuggu þar og í London til 1959, og komu svo aftur til New York 1960. Þegar litið er aftur verður ljóst hve stórmerk þau umbrot voru í bandarískri list sem getið var, fyrir atbeina þessa hóps The Club sem Alcopley var tengdur. Hér verður ekki gerð tilraun til að skýra þá list sem íslenzkum áhorfendum gefst nú kostur að skoða enda óþarft þar sem myndirnar eru komnar, og sjón sögu ríkari.

Geta mætti áhrifa af Austurlandalist, einkum hinni miklu kalligrafísku hefð sem komin er frá Japan þar sem byggt er á ritteiknum. En Al hefur mótmælt því í mín eyru að hjá sér sé um kalligrafíu að ræða eða ritteikn heldur einskonar skráningu á hrynjandi, tónaspil sem stundum kann að vera sprottið fyrir áhrif frá óreindarýni hans sem vísindamanns, stundum áhrif af tónverki, minningu, ljóði, hugsanaraás sem hefur hlotið túlkun með sveiflumiklum táknum.

Það er fagnaðarefni að fá einmitt á Kjarvalsstöðum tækifæri til þess að kynnast list Alcopleys sem hefur bundizt Íslandi órjúfandi tryggðaböndum.

Thor Vilhjálmsson

scientific training within the medical profession, Alcopley has always been interested in philosophy, fascinated by different and intricate ideas and this has coloured both his scientific experiments and his art, — the viewer may guess at the connection between them, though Alcopley has managed to keep his two careers separate. He says he was ten years old when he began to study art during his youth in Dresden and he soon became aware of the works of the Bauhaus-masters Klee and Kandinsky which impressed him greatly. At the age of 14 he met Kandinsky himself but then he was even more taken with the works of the old masters and became an avid student of art history. One may also mention the Douanier Rousseau who made a great impact on him with his freshness and bold colours and indeed the first period in Alcopley's art was inclined to naive art, not a long lasting one, but there one finds admiration of Rousseau whom he still reveres. Then we find a figurative expressionism which comes out in the earliest works in this exhibition, where we see the influence of Van Gogh and German expressionists like Kirchner and Marc, a touch of the French Fauves, so called because of their unrestrained use of colours, and Dufy, Vlaminck and Soutine as well as Kokoschka from his brief Dresden period. The third period is also a figurative one, influenced by Matisse and Léger with people, landscapes and seascapes which then lead into abstraction or the fourth period which Al himself calls fugal abstraction where he creates a steady rhythm in colours, like mute musical compositions. And then we arrive at the period which has been called abstract-expressionism when Al took part in the revolution of american art which soon achieved international importance, partly due to the influence of European artists who had fled to the United States when the barbarity of nazism swept over the continent, and then Al was one of the 12 founders of a group of artists who played a crucial role. One of them was his closest friend, Willem de Kooning and among others in that group were Jackson Pollock, Franz Kline, David Smith, Hans Hofmann. This took place during the years leading up to 1950 and later.

It is also worth mentioning that Alcopley had to flee his fatherland soon after the ascent of the Nazis, lived in Switzerland 1935—37 and then he came to the United States. In 1952 he and Nina moved to Paris and then to London where they lived until 1959. They returned to New York in 1960. Looking back over this period it becomes clear how significant were the changes which Al's group, The Club, had brought about. I will not attempt to explain the works which are now being shown to the Icelandic public, the pictures are here.

One could also remark on the influence of Eastern art, particularly the great tradition of calligraphy which reached its pinnacle in Japan and is based on drawn signs or pictographs. But to me Al has denied that he deliberately works with calligraphy or signs, rather that he is involved in a kind of rhythmical registration, a play with signs which sometimes may originate in his microscopic examinations of organic materials, sometimes through music, memories, a poem, — connections of ideas which find their expression in rhythmical drawings.

It is worth rejoicing over the fact that here at Kjarvalsstaðir we will be able to enjoy the art of Alcopley, a truly devoted friend of Iceland.

Thor Vilhjálmsson
writer





Ich,
Herr Calli Graf von Ink und Pelican
stjórna stoltlega
hersveitum
af pappír
síðu eftir síðu
með lagabókstöfum
snöggum og ákveðnum

svo þröng
eru blek-göngin
ég er þjáður fangi
hins þröngva sívalnings
prísundar
helvítis

fæ ég ekki
að renna fram
og fleygja frá mér
frumtáknum
að biðaí eiga von á?
stjarfi penni

ég
klumsa
uns
allt-í-öllu-Al
opnar lás
dýflissu minnar
og rýfur flóðgarðinn
blek-blóð mitt
og teiknar
mynd eftir
mynd
svo yfir flæðir

sjá . . . hjartaslög mín
í frjálsri hringrás
svo allir
megi sjá
hjartslátt
breyttan
í nýja sýn

brenna
stafkrók og
línur
á mjallahvítt hörund
undarleg og
undursamleg tákn

vanmátta hönd mín
í annars höndum
fjarlægum
brennimerkt

Frederick Kiesler,
arkitekt og myndhöggvari, 1962

Um list Alcopley's

. . . Snilld Alcopleys er óvéfengjanleg. Í undirvitund sinni geymir hann alla listasögu heimsins. Við sjáum hvergi beinar tilvísanir í hana, en verðum þó vör við tengslin í hverju því verki sem yfirgefur vinnustofu hans. Hver pensildráttur er vitni fullkominnar ögunar og það sem betra er, — hvergi er virðing borin fyrir yfirborðslegum siðareglum málaralistar. Hefðina má að vísu finna í verkum hans, en það er hefð óbundinnar málunar. Engin frásagnarlist hér . . .

Kenneth B. Sawyer,
gagnrýnandi, 1962
Úr sýningarskrá frá Louis Alexander Gallery, New York

. . . Áhrifamáttur þessara teikninga er furðulegur. Þær virðast eins fágaðar og að baki þeirra liggi gífurleg vinna. Þó eru þær gerðar beint og frjálslega. Mesta skart þeirra er hlédrægnin og stíll þeirra er afsprengi þroskaðrar umhugsunar. Al setur sig ekki í listamannsstellingar. Hann vinnur af innri þörf, rétt eins og barn sem teiknar og eins og barnið nýtur hann teikninga sinna, ljómar af gleði þegar þeim er lokið og hlær af einskærri ánægju.

Hér vil ég gera greinarmun á. Teikningar allra barna líkjast innbyrðis, en teikningar Alcopleys hefði enginn annar getað gert. Þær eru eins og rithönd hans og eru reyndar einskonar skrift. Eini munurinn er sá að rithöndin hefur notagildi og læsilegt inntak en listskriftin er óræð, inntak hennar er algilt og hún ávarpar sál okkar. Hún er tónlist og yndi hennar verður vart útskýrt án tilvitnana í æðri speki . . .

Michel Seuphor,
listmálari og gagnrýnandi,
Úr sýningarskrá frá Israel Museum, Jerusalem, nóv-des. 1969

. . . Það er erfitt að skrifa um list og því erfiðara sem listin er vandaðri. Í list Alcopleys sér áhorfandinn sköpun sem er í senn voldug, einföld og auðskiljanleg. Alcopley virðist beinlínis í tengslum við umbreytingar á heimsmyndinni en samt eru verk hans svo innileg að þau snerta kviku hvers manns. Hér höfum við málara óendanleikans, sem er að sjálfsögðu ómæld fagurfræðileg vídd en virðist eins skýr og skýrustu hugsanatengsl. Hve sannfærandi er þessi samsömun hins veraldlega, skynræna, og hins óræða, óhlutbundna. Verk Alcopleys eru fremur segulsvið frumkrafta en myndir á vegg . . .

Richard Hülsenbeck,
ljóðskáld og Dadaisti, 1965

Alcopley: Um list og vísindi

. . . List og vísindi eru ólíkar afleiðingar mannlegrar hugsunar. Þar sem vísindin eru að mestu byggð á sundurliðun og rökvísi, grundvallast listir fyrst og fremst á hugmyndaflugi og samræmingu. Ég geri mér ljóst að þessi skilgreining er öfljós og einföldud þar sem listamenn og vísindamenn þarfnast hvorutveggja til að áorka því sem þeir ætla sér. Hugarflugið fæðir af sér ályktanir sem skipt geta sköpum innan vísinda og þar leggjast því listir og vísindi á eitt. Þar sem ég hef samtímis starfað sem vísindamaður og listamaður, er sú reynsla sem ég tjái í myndum mínum reist á þessu tvennu, hugarflugi og rökvísi.

Ég tel að áhorfandinn finni í innviðum listaverka samsvörun eigin tilfinninga. Listaverkið snertir því innri mann hverrar manneskju og minnir hana á eigin frelsi. Áhorfandinn getur í framhaldi af því rýnt í eigin hugmyndaheim með tilfinningar sínar að leiðarljósi og þar með lagt grundvöll að sjálfstæðri sköpun. Í myndum mínum færi ég reynslu mína í myndrænan búning, — þ.á.m. rannsóknarstörf mín, — sem form og hreyfingu í rúmi. Með því að samræma í verkum mínum list og vísindi, leita ég að þeirri ánægju sem felst í könnun rúmsins . . .

L. Alcopley: "On the unity of art and science as formed in my pictures". The Israel Museum News, No. 9:16, 1972

Æviágrip

Fæddur 1910 í Þýskalandi. Hefur málað frá tíu ára aldri. Listnám í Dresden 1920—29 en að mestu sjálflærður. Bandarískur ríkisborgari frá 1943. Einnig þekktur undir nafninu Alfred L. Copley sem einn helsti sérfræðingur veraldar í blóðrannsóknum. Hefur stundað myndlist stöðugt frá 1939, í Kansas City, New York, Charlottesville, Paris og London. Hefur búið í New York frá 1960. Meðlimur í grafíkverkstæði Stanley William Hayter's "Atelier 17" í New York frá 1945—47. Árið 1949 kvæntist hann Ninu Tryggvadóttur. Var einn af tólf stofnendum "The Club" í New York árið 1949. Félagi í "American Abstract Artists" og "Groupe Espace" í Paris. Ásamt Michel Seuphor og Ninu Tryggvadóttur stofnaði hann "Le Club" í Paris árið 1952 sem starfaði til 1957. Upphafsmaður sýningar "L'Encre de Chine dans la Calligraphy et l'Art Japonais Contemporain" sem kostuð var af japönsku ríkisstjórninni og hófst árið 1955 í Stedelijk safninu í Amsterdam en ferðaðist síðan víða um Evrópu. Ritstýrði alþjóðlegu listatímariti "Leonardo" frá stofnun þess 1968 til 1973. Ráðgjafi við sýningu "List og vísindi" sem stofnað var til af Tel Aviv safninu í Ísrael 1971—73. Ekkill frá 1968 er Nina Tryggvadóttir lést. Dóttir, Una Dóra Copley, gift myndhöggvaranum John Sanders.



PENSILFÖRIN

Hann gerði ekki neitt þegar hann málaði
það er að segja
hann sat þögull stundum saman og starði
á hvítan striga
eða bláan
eða rauðan

Starandi stundum hugsandi
ómælaniegu augnaráði
ekki hugsandi eða þá
hugsandi ekki hugsandi

Strikið er afgerandi
atlagan snögg viljinn
krampakenndur
högg úr undirvitund
að draga andann djúpt og djarft
hefja síðan aðför

Strikið er nú
á réttum stað
hringlaga sveifla
þakin málningu
dregur slóða niður til vinstri
hvíslandi pensilför

Þreyttur hörfar hann á herbergið
á stól sem þarf að stoppa upp
á skæri sem liggja á gólfi
á ólesna bók
á máiningarslettur á vegg

Nú er hann utan við málverkið
og horfir forvitnilega á það
hlutlaus
það er enn utan við meðvitund hans
með andvarpi snýr hann því að veggnum

Herman Cherry,
bandarískt ljóðskáld, 1976

Helstu einkasýningar

1946	Ashby Gallery, New York
1948	Galerie Bettie Thommen, Basel, Sviss
1950	Passedoit Gallery, New York
1955	Bandarísku Menningarstofnanirnar, Kyoto og Tókýo
1956	Galerie Bing, Paris
1957	Suermondt Museum, Aachen, Þýskalandi, yfirlitssýning Galerie Parnass, Wuppertal, Þýskalandi Kunstverein Freiburg i. Br.m, Þýskalandi
1957—8	Galerie van der Loo, Munchen, Þýskalandi
1958	Metz & Co, Amsterdam. Ásamt textil og húsgögnum hönnuðum af Alvar Aalto og bandarísku hönnuðunum Eames og McCobb
1959	Drian Gallery, London
1960	Kyotofu Gallery, Kyoto, Japan Minami Gallery, Tókýo
1962	Louis Alexander Gallery, New York Stedelijk Museum, Amsterdam
1963	Kaare Berndtsen Gallery, Osló
1964	Byron Gallery, New York
1965	Galerie Schueler, Vestur-Berlín
1967	Yamada Art Gallery, Kyoto, Japan
1969—70	Goethe House, New York, Yfirlitssýning The Israel Museum, Jerúsalem
1976	Gallery Mudo, Tókýo, Japan
1977	Kjarvalsstaðir, Reykjavík, Ísland

Þátttaka í fjölmörgum samsýningum víða um heim.

Helstu ritaðar heimildir um verk L. Alcopleys

Willem de Kooning & Franz Kline:
"On Works of Mr. Alcopley" Bokubi-Beauty of Black and White (listatímarit gefið út í Kyoto, Japan af listamanninum Siryu Morita) No. 16, bls. 11, júlí 1952. Tímaritið var helgað Alcopley og inniheldur aðrar greinar um verk hans, auk ritgerðar eftir listamanninn sjálfan.

Saburo Hasegawa: "Alcopley", Bokubi, Kyoto, 1952

Rike Wankmüller: Das Kunstwerk, Baden-Baden, Heft 5, 1955—56

Michel Seuphor: "Alcopley", I 4 Soli, Torino, Italia, No. 5, 1956

Michel Seuphor: "Deux peintres américains", Editions Galerie Bing, Paris, 1956



Spiritus Flat Ubi Vult, olia á striga, 1949 (nr. 18)

Bækur og sérútgáfur eftir Alcopley og fleiri

Michel Seuphor: "Ecritures-Dessins d'Alcopley"
Editions Nourritures Terrestres, Paris 1954. Prentuð í Amsterdam og þýdd á ensku, þýsku, hollensku og japönsku.

"Einsichten": Teikningar eftir Alcopley við ljóð S.E. Bröse.
Eberhard Albert Verlag, Freiburg i. Br., þýskalandi 1959. Tileinkuð þýska heimspekingnum Martin Heidegger á 70 ára afmæli hans.

Will Grohmann: "Alcopley — Voies et Traces".
De Luxe útgáfa af teikningum eftir Alcopley, útgefin af R. Jährling, Galerie Parnass, Wuppertal, Þýskalandi. Aðeins 140 eintök. Þýdd á frönsku og ensku. 1961.

"Structures of Travels": Sjö lithografíur og eitt ljóð.
Edizioni del Grattacielo, Stamperia d'Arte "Il Torchio", Milanó, 1962.

"Listening to Heidegger and Hisamatsu": Teikningar og málverk eftir Alcopley.
Texti eftir Martin Heidegger, Hoseki Shin'ichi Hisamatsu, helsta Zen meistara japana og Alcopley. Útgefin árið 1963 af Bokubi Press, Kyoto, Japan. Ensk þýðing gerð sama ár.

"Alcopley — You don't say": Teikningar.
Hönnuð af Diter Rot. Útgefin 1963 af Forlag ed, Reykjavík, Íslandi

"Promenades with my Friend Will": 14 lithografíur með texta eftir L. Alcopley og Will Grohmann. Tileinkað Will Grohmann á 80 ára afmæli hans.
Una Editions, New York 1967

"Poems of Pain — And Other Matters" eftir Herman Cherry. Með teiknuðum útsetningum eftir L. Alcopley.
Una Editions, New York 1976

"Edgard Varèse" eftir Grete Wehmeyer. Með teikningum við öll tónverk Varèses eftir L. Alcopley.
Gustav Bosse Verlag, Regensburg, Vestur-Þýskalandi, 1977 (ókomin út)

Greinar um list eftir L. Alcopley

Í "Realités Nouvelles" No. 7 (Júlí) 1953), bls. 38

Í "Leonardo" 1, 3, 1968, "Leonardo" 1, 187, 1968, "Leonardo" 2, 161,

330, 1969, "Leonardo" 3, 491, 1970, "Leonardo" 6, 149, 1973

Í "The Israel Museum News", Jerúsalem, No. 9, bls. 17, 1972

Í "Life Science" (Tókýo), 2, ágúst 1975

Verk eftir L. Alcopley eru m.a. í eftirtöldum söfnum

Museum of Modern Art, New York

National Museum of Modern Art, Tókýó

Stedelijk Museum, Amsterdam

University Art Museum, University of California, Berkeley

Listasafn Íslands, Reykjavík


The Israel Museum, Jerusalem

Musee d'Art et d'Industrie, Saint-Etienne, Frakklandi

The Art Institute of Chicago

og


fjölmörgum einkasöfnum víða um heim



Galaxies, blek á chiffon, 1963 (nr. 173)


Sýningarskrá

Nr.	Ár	Nafn	Miðill	Stærð, tommur
1.	1944	Around the Fish	Olía á striga	12 × 16
2.		Waiting for the Steak	Olía á striga	12 × 16
3.	1945	Homage to Frauenkirche Dresden	Olía á striga	50 × 37.5
4.		The Poet	Olía á striga	16 × 12
5.		Motions Through the Sea	Olía á viði	11 × 14
6.		Fruits	Olía á striga	20 × 24
7.	1946	A Pharaoh's Concubine	Olía á striga	24 × 18
8.		On the Way	Olía á striga	24 × 20
9.		Offering	Olía á striga	50 × 38
10.	1947	Victory	Olía á striga	32 × 50
11.		Manhattan	Olía á striga	38.8 × 2.5
12.		Fields of Plenty	Olía á striga	20 × 24
13.	1948	Jungle Gym	Olía á striga	48 × 3
14.		For Nina: A Song in Central Park	Olía á viði	15 × 11.1
15.		My Kitchen	Olía á striga	30 × 44
16.		Charles Street	Olía á striga	36 × 48
17.		Nina: Within	Olía á striga	60 × 36
18.	1949	Spiritus flat ubi vult	Olía á striga (4)	60 × 120 alls
19.		Exit and Entrance	Olía á viði	13.1 × 7.2
20.	1950	Sun Signals	Olía á striga	60 × 32
21.		Talking Creatures	Olía á striga	26 × 53
22.		Carnival	Kasín á striga	12.6 × 50.5
23.		Elective Affinities	Kasín á striga	22 × 44.5
24.		The Dance of Gardens	Olía á striga	20 × 29
25.		Icelandic Autumn	Olía á striga	12.6 × 50.5
26.		Migrations	Olía á striga	6.2 × 27
27.		Nina. No End . . .	Olía á striga	70 × 52.5
28.	1951	Dependences	Olía á striga	52 × 32
29.	1952	A Story	Olía á striga	1.6 × 52
30.	1953	Procession	Olía á viði	34.5 × 50
31.	1954	Pulsations	Olía & strigaklipp á pappír	44 × 32
32.		The Bride	Olía, blek & strigi á pappír	41 × 29.2
33.		Involvement	Blek & olía á pappír	44 × 32
34.		Far Eastern Dreams	Strigaklipp & olía á pappír	41 × 29.6
35.		Meditation	Olía & blek á pappír	42 × 30.2
36.	1955	Islands	Samklipp og olía á pappír	44 × 32
37.		Growing	Olía & blek á papp.	44 × 32
38.		Walks in Paris	Olía á striga	41 × 33
39.		Voyage	Olía á striga	45.5 × 8.5
40.	1956	A Wedding	Olía á striga	77 × 45
41.		Vista	Olía á striga	39.5 × 32
42.		Communications	Olía á striga	40 × 33
43.		A Summer Day	Olía á striga	54 × 13
44.		Many Places	Olía á striga	43 × 13.5
45.		The Bridge	Olía á striga	32 × 25.5
46.		Reception	Olía á striga	37 × 30
47.		Parallels	Olía á plötu	33 × 21
48.		To Live	Olía á striga	77 × 45
49.	1957	Transmittance	Olía á plötu	42 × 37
50.		Correspondences	Olía á striga	39.5 × 32
51.		A Nous La Liberté	Olía á striga	29 × 23.5
52.		Departments	Olía á striga	39.5 × 32
53.	1958	Encroaching	Olía á striga	76.5 × 38
54.		Ocean River	Olía á striga	39 × 77
55.		A Universe	Olía á striga	39.5 × 31.4
56.	1958/9	Illuminations	Olía á striga	52 × 7.6
57.	1959	Departure	Olía á striga	39.5 × 31.5



Flying Token, blek á chiffon, 1963 (nr. 171

Nr.	Ár	Nafn	Miðill	Stærð, tommur
58.	1960	Duet	Olía á striga	41 × 26
59.		Twilight of the Gods	Akrýl á plasti	15.5 × 71.5
60.		Untitled (Scroll)	Akrýl á plasti	86 × 14.5
61.		Untitled (Scroll)	Akrýl á plasti	73.5 × 39
62.	1961	Morning Song	Akrýl & blek á striga	48 × 34
63.		New York: Window Smiles	Blek á pappír	30 × 20
64.		New York: Nervous Pavement	Blek á pappír	30 × 20
65.		In Search	Olía á striga	42 × 24
66.		Greetings	Olía á striga	52 × 24
67.		Reunion	Olía á striga	52 × 24
68.		Mirrors	Olía á striga	26 × 40
69.		Caught	Akrýl á striga	70.5 × 34
70.		Untitled (Scroll)	Akrýl á plasti	42.5 × 35.5
71.		Untitled (Scroll)	Akrýl á plasti	41 × 85
72.		Untitled (Scroll)	Akrýl á plasti	86 × 40.5
73.		Untitled (Scroll)	Akrýl á plasti	41.2 × 25.5
74.		Untitled (Scroll)	Akrýl á plasti	86 × 39.5
75.	1962	A Thought	Olía á striga	76.5 × 38.2
76.		Center	Olía á striga	29.6 × 24
77.		Fountains	Olía á viði	12 × 57.5
78.		Sequences	Olía á viði	12 × 57.5
79.		Sky Flowers	Olía á striga	42 × 2
80.	1963	Mediterranean	Olía á striga	39 × 1.5
81.		A Garden	Olía á striga	48.8 × 1.6
82.		Promenade	Olía á striga	42 × 34
83.	1963/4	Tornado	Olía á striga	46 × 52
84.	1964	From the Interior	Olía á striga	50 × 16
85.		Self-Portrait	Olía á striga	36 × 24
86.		A Different Language	Olía á striga	50 × 21
87.	1965	Little Joys	Olía & blek á striga á striga	61 × 9.5 61 × 9.5
88.		After a Beginning	Olía & blek á striga á striga0.5 × 39	0.5 × 39
89.		Requiem for Edgard Varese, 6. nóv. 1965. Lánuð af Louise Varese, New York	Olía á viði	21.5 × 18
90.		Fiesta	Olía á striga	34 × 26
91.	1966	Song of Songs	Akrýl & blek á striga	48 × 34
92.		Rays of the Mind, Heinrich and Hannah	Olía á viði	12 × 15
93.		Magic Flutes (Tvenna)	Olía á striga	40 × 140 alls
94.		Spring Wind	Olía á viði	7.6 × 10.2
95.		Untitled	Olía á viði	5 × 8
96.		Untitled	Olía á viði	4 × 8
97.	1966/7	Festival	Olía á striga	36.5 × 72.5
98.	1967	Space Travels	Olía á striga	25 × 28.2
99.		Untitled (Scroll)	Olía á striga	24 × 168
100.	1969	Gemini	Akrýl á striga	40 × 35
101.		Trio	Akrýl á striga	35 × 40
102.		Constellation	Akrýl á striga	40 × 35
103.		The Flying Carpet	Akrýl á striga	35 × 40
104.		Orbit	Akrýl á striga	40 × 35
105.		States of Flux	Akrýl á striga	40 × 38
106.		Somewhere in Space	Akrýl á striga	35 × 40
107.		Parade	Olía á striga	45 × 86
108.	1971	Nina Tryggvadóttir in Memoriam: A Spring	Olía á striga	84 × 108
109.	1972	Enigma	Olía á striga	68 × 38
110.		Untitled (Scroll)	Olía á striga	12 × 91
111.		Untitled (Scroll)	Olía á striga	12 × 91
112.		Untitles (Scroll)	Olía á striga	12 × 91



Rays of the Mind: Heinrich and Hannah, olía á viði, 1966 (nr. 92)

Nr.	Ár	Nafn	Miðill	Stærð, tommur
113.	1973	Far Away	Olía á striga	43 × 52
114.	1974	Unfolding	Olía á striga	28 × 396
115.		Ascent	Akrýl á striga	28 × 22
116.		Confronted	Akrýl á striga	30 × 24
117.		Night Lights	Akrýl á striga	24 × 30
118.		Liberation	Akrýl á striga	22 × 28
119.	1975	Message	Olía á striga	22 × 28
120.	1976	Watching	Olía & akrýl á striga	26 × 70.5
121.		Untitled	Olía á pappa	8.2 × 8.2
122.		Untitles	Olía á pappa	8.2 × 6.2
123.		Untitled	Olía á striga	8.2 × 6.2
124.		Untitled	Olía á pappa	.2 × 6.2
125.		Untitled	Olía á striga	10.2 × 8.5
126.		Untitled (Scroll)	Akrýl á plasti	35 × 25
127.		Untitled (Scroll)	Akrýl á plasti	38 × 28
128.		Untitled (Scroll)	Akrýl á plasti	25.2 × 6.2
129.		Untitled (Scroll)	Akrýl á plasti	38 × 28
130.		Untitled (Scroll)	Akrýl á plasti	36.5 × 24.2
131.		Untitled (Scroll)	Akrýl á plasti	67 × 37.5
132.		Untitled (Scroll)	Akrýl á plasti	152 × 37.6
133.		Untitled (Scroll)	Akrýl á plasti	153 × 37
134.		Untitled (Scroll)	Akrýl á plasti	150 × 25
135.		Untitled (Scroll)	Akrýl á plasti	104 × 25.2
136.		Untitled (Scroll)	Akrýl á plasti	150 × 25
137.		Untitled (Scroll)	Akrýl á plasti	126 × 25
138.		Untitled (Scroll)	Akrýl á plasti	192 × 25
139.		Untitled (Scroll)	Akrýl á plasti	96 × 25
140		Untitled (Scroll)	Akrýl á plasti	96.5 × 25.2
141.		Untitled (Scroll)	Akrýl á plasti	82.5 × 25.2
142.		Untitled (Scroll)	Akrýl á plasti	25 × 189
143.	1977	Over a Distance	Olía á striga	30 × 68
144.		Deep Inside	Akrýl á striga	68 × 52
145.		Loop	Akrýl á striga	68 × 56
146.		Equilibrium	Akrýl á striga	68 × 56
147.		Untitled (Scroll)	Akrýl á plasti	35 × 25
148.		Untitled (Scroll	Akrýl á plasti	36.5 × 30
149.		Untitled (Scroll)	Akrýl á plasti	25.5 × 40.5
150.		Untitled (Scroll)	Akrýl á plasti	37.5 × 30
151.		Untitled (Scroll)	Akrýl á plasti	83 × 25.2
		II. KLIPPIMYNDIR		
152.	1956	Untitled	Pappir & blek á pappir	2.7 × 12.1
152.		Untitled	Pappir & blek á chiffon	10.2 × 7.1
153.	1961	Untitled	Pappir, blek & viður á pappir	7.5 × 17.2
154.	1967	Untitled	Blek, pappir & viður á pappir	7.2 × 17.1
155.	1976	Revisiting Paris I	Parísarplaköt á pappir	11.5 × 7.7
156.		Revisiting Paris II	Parísarplaköt á pappir	7.7 × 11.5
157.		Revisiting Paris VIII	Parísarplaköt á pappir	11.5 × 7.7
158.		Revisiting Paris X	Parísarplaköt á pappir	7.7 × 11.5
		III. VATNSLITA OG BLEKMYNDIR		
159.	1946	Harbor, Woods Hole, Massachusetts	Vatnslitir	10 × 14.1
160.	1947	Blue Bay, Provincetown, Mass.	Vatnslitir	11.2 × 14.6
161.	1948	Nina	Vatnslitir	15 × 11
162.	1962	Untitled	Blek á pappir	2.5 × 5
163.		Untitled	Blek á chiffon	3 × 2.2
164.		Untitled	Blek á chiffon	2 × 9.6
165.		Untitled	Blek á chiffon	27.5 × 23
166.		Untitled	Blek á chiffon	20.5 × 16.5



Tornado, olia à striga, 1963—64 (nr. 83)

Nr.	Ár	Nafn	Miðill	Stærð, tommur
167.		Untitled	Blek á chiffon	20.5 × 16.5
168.		Untitled	Blek á chiffon	20.5 × 16.5
169.		Untitled	Blek á chiffon	20.5 × 16.5
170.	1963	A Dance	Blek á chiffon	27.5 × 23
171.		Flying Token	Blek á chiffon	23 × 27.5
172.		Untitled	Blek á chiffon	27.5 × 23
173.		Galaxies	Blek á chiffon	27.5 × 23
174.		Untitled	Blek á chiffon	27.5 × 23
175.		Untitled	Blek á chiffon	20.5 × 16.5
176.		Untitled	Blek á chiffon	20.5 × 16.5
		IV. TEIKNINGAR		
177.	1947	Untitled	Blek á pappir	0.7 × 0.6
178.	1952	Untitled	Blek á chiffon	1.2 × 11
179.		Untitled	Blek á pappir	3.5 × 6.5
180.	1953	Untitled	Blek á pappir	12.2 × 5.5
181.	1954	Untitled	Blek á pappir	8.5 × 12.1
182.	1955	Untitled	Blek & vín á chiffon	7.5 × 5.2
183.		Tic Tic Tac Tic	Blek á pergamenti	0.5 × 19.5
184.	1957	Untitled	Blek á pappir	10.6 × 8.1
185.	1959	Untitled	Blek á silikón	3.6 × 5.2
186.		Untitled	Blek á chiffon	8.2 × 5.1
187.		Untitled	Blek á chiffon	8.2 × 5.1
188.		Untitled	Blek á chiffon	7.7 × 5.1
189.		Untitled	Blek á chiffon	8.2 × 5.1
190.	1960	Untitled	Litblek á pappir	3.6 × 4.6
191.		Untitled	Blek & kaffi á pappir	11 × 8.5
192.		Untitled	Blek & kaffi á pappir	11 × 8.5
193.	1961	Untitled	Litblek á pappir	8.5 × 12
194.		Untitled	Blek á chiffon	2 × 14.5
195.		Untitled	Blek á pappir	3.1 × 1.2
196.		Untitled	Blek á pappir	9.2 × 14.5
197.	1962	Untitled	Litblek á pappir	3 × 5
198.		Untitled	Blek á pappir	2.2 × 4.6
199.		Untitled	Litblek á pappir	6.4 × 3
200.		A Letter from Milano	Blek á pappir	11 × 8.6
201.		Untitled	Litblek á chiffon	3.2 × 5.4
202.	1963	Untitled	Blek á pappir	6.5 × 9.5
203.		Untitled	Blek á pappir	5 × 8
204.		Untitled	Blek á pappir	7.7 × 5.1
205.		Untitled	Blek á pappir	5.1 × 7.7
206.		Untitled	Blek á ljósm.pappir	2.6 × 8.3
207.		Untitled	Gull á pappir	8.4 × 6
208.		Untitled	Gull á pappir	8.4 × 6
209.		Untitled	Gull á pappir	8.4 × 6
210.		Untitled	Gull á pappir	8.4 × 6
211.	1964	Untitled	Litblek á pappir	11 × 8.4
212.		Untitled	Litblek á pappir	5.6 × 8.2
213.		Untitled	Litblek á pappir	9 × 12
214.		Untitled	Blek á pappir	5 × 3.6
215.		Untitled	Blek á pappir	8.4 × 6.2
216.	1965	Untitled	Blek & olíukrít á pappir	10.4 × 15
217.		Untitled	Litblek á pappir	5.6 × 8.7
218.		Untitled	Litblek á pappir	8.4 × 12
219.		Untitled	Litblek á chiffon	3.5 × 9.4
220.		Untitled	Litblek á pappir	7.4 × 10.1
221.		Untitled	Litblek á pappir	4 × 6
222.		Untitled	Blek á pappir	3 × 5
223.		Jóhannes S. Kjarval — My Acknowledgement I	Blek á ljósmyndapapp.	10.7 × 8.4
224.		Jóhannes S. Kjarval — My Acknowledgement II	Blek á ljósmyndapapp.	10.7 × 8.4




A Dance, blek á chiffon, 1963 (nr. 170)

Nr.	Ár	Nafn	Miðill	Stærð, tommur
225.		Jóhannes S. Kjarval — My Acknowledgement III	Blek á ljósmyndapapp.	10.7 × 8.4
226.		Jóhannes S. Kjarval — My Acknowledgement IV	Blek á ljósm.pappir	10.7 × 8.4
227.	1966	Untitled	Litblek á pappir	7.3 × 10
228.		Untitled	Blek á pappir	7.7 × 5
229.		Untitled	Blek á pappir	11 × 4.6
230.	1967	Untitled	Teikn. á gull	2.3 × 3.2
231.		Untitled	Blek á pappir	3 × 5
232.		Untitled	Blek á pappir	9 × 12
233.		Untitled	Blek á pappir	9 × 12
234.	1968	Untitled	Blek á pappir	4 × 6
235.		Untitled	Blek á pappir	4 × 6
229.		Untitled	Blek á pappir	11 × 4.6
230.	1967	Untitled	Teikn. á gull	2.3 × 3.2
231.		Untitled	Blek á pappir	3 × 5
232.		Untitled	Blek á pappir	9 × 12
233.		Untitled	Blek á pappir	9 × 12
234.	1968	Untitled	Blek á pappir	4 × 6
235.		Untitled	Blek á pappir	4 × 6
236.	1969	Untitled	Blek á pappir	6 × 4
237.		Untitled	Blek á chiffon	5.2 × 3.6
238.		Untitled	Blek á pappir	3.4 × 5.2
239.		Untitled	Blek á pappir	4 × 6
240.		Untitled	Blek á pappir	3 × 5
241.		Untitled	Blek á chiffon	5.2 × 3.2
242.		Untitled	Blek á pappir	5.1 × 10
243.	1970	Untitled	Litblek á pappir	9 ×.6
244.		Untitled	Litblek á pappir	9.1 × 12.2
245.		Untitled	Litblek á pappir	10.5 × 5.3
246.		Untitled	Blek á pappir	3 × 5
247.		Untitled	Blek á pappir	3 × 5
248.		Untitled	Litblek á pappir	4.2 × 6.4
249.		Untitled	Blek á pappir	3 × 5
250.		Untitled	Blek á pappir	2.4 × 5.6
251.		Untitled	Blek á chiffon	8.2 × 5.1
252.		Untitled	Blek á pappir	5 × 3.4
253.	1973	Untitled	Litblek á pappir	8.1 × 12.2
254.		Untitled	Litblek á pappir	11.7 × 15.7
255.		Untitled	Litblek á pappir	8.2 × 11
256.		Untitled	Litblek á pappir	1 × 6.2
257.		Untitled	Litblek á pappir	1 × 4
258.	1974	Untitled	Litblek á pappir	10.2 × 14.1
259	1975	Untitled	Litblek á pappir	10.1 × 14.1
260.		Untitled	Litblek á pappir	10.1 × 14.1
261.	1977	Untitled	Litblek á pappir	8.2 × 11.6
262.		Untitled	Blek á pappir	9 × 5.5
263.		Untitled	Blek á pappir	5.3 × 8.2
264.		Untitled	Blek á pappir	9 × 5.6
265.		Untitled	Blek á pappir	9 × 5.7
266.		Untitled	Blek á pappir	9 × 5.6
267.		Untitled	Blek á pappir	9 × 5.7
268.		Untitled	Blek á pappir	9 × 5.5
269.		Untitled	Blek á pappir	9 × 5.7
270.		Untitled	Blek á pappir	9 × 5.7
271.		Untitled	Blek á pappir	9 × 6
272.		Untitled	Blek á pappir	9 × 5.6
273.		Untitled	Blek á pappir	9 × 5.6
274.		Untitled	Blek á pappir	9 × 5.6


V. STEINPRENT

275.	1962	Structures of Travels I	Svart/hvítt	20 × 38



Trio, akryl á striga, 1969 (nr. 101)

Nr.	Ár	Nafn	Miðill	Stærð, tommur
276.		Structures of Travels II	Svart/hvítt	28 × 20
277.		Structures of Travels III	Svart/hvítt	28 × 20
278.		Structures of Travels IV	Svart/hvítt	28 × 20
279.		Structures of Travels V	Svart/hvítt	28 × 20
280.		Structures of Travels VI	Svart/hvítt	20 × 28
281.		Structures of Travels VII	Svart/hvítt	28 × 20
282.		Untitled	3 litir	19.6 × 26.2
283.	1965	Untitled	4litir	19.6 × 26.2
284.-297.	1967	Little Promenades With My Friend Will, I-XIV	Svart/hvítt	1.3 × 30 hver
298.	1975	Israel: The Judean Hills	Svart/hvítt	21.2 × 26.1
299.		Jerusalem: Near The Old City I	Svart/hvítt	3.4 × 5
300.		Jerusalem: Near The Old City II	Svart/hvítt	3.2 × 5
301.		Jerusalem: Near The Old City III	Svart/hvítt	5 × 3.4
302.		Jerusalem: Near The Old City IV	Svart:hvítt	3.4 × 5
303.		Jerusalem: Near The Old City V	Svart/hvítt	3.4 × 5
304.		Jerusalem: Near The Old City VI	Svart/hvítt	3.4 × 5



Untitled, blek á pappir, 1963

Viðauki
Appendix

Ræða Alcopley's við afhjúpun minnismerkis um Nínu Tryggvadóttur eftir Sigurjón Ólafsson, að Kjarvalsstöðum 10. júní 1974

Speech given by Alcopley on June 10, 1974 at the ceremony of the unveiling of a monument in memory of Nína Tryggvadóttir near Kjarvalsstaðir, Reykjavik

Herra forseti,
herra borgarstjóri, herra forseti borgarstjórnar,
vinir Ninu og minir, listbræður og systur,
herrar minir og frúr.

Mig langar til að segja ykkur söguna af því hvernig þetta listaverk eftir Sigurjón Ólafsson til minningar um Ninu Tryggvadóttur varð til. Um það bil viku eftir útför Ninu hér í Reykjavík fyrir nærri sex árum hringdi vinur minn Sigurjón til mín. Hann sagði að sig langaði til að hitta mig að máli til að kynna mér hugmynd sem hann hafði fengið. Þegar við fundumst sagði hann mér að hann hefði hug á að gera skúlptúr til minningar um Ninu. Honum hafði dottið í hug að við gætum báðir saman gefið Reykjavíkurborg þetta minnismerki. Hann stakk upp á því að mitt framlag gæti verið með þeim hætti að endurgreiða honum þau útgjöld sem verkinu fylgdu þar sem hans hlutur yrði hin listræna sköpun og vinna. Ég var djúpt snortinn af þeirri hugsun að listamaður vildi hylla annan listamann með því að skapa listaverk sem minnisvarða. Þar sem sá skáldlegi andi sem bjó í þessari hugsun var mér mjög að skapi, sagði ég hiklaust við Sigurjón að ég féllist á tillögu hans, að því tilskyldu að Reykjavíkurborg fullnægði vissum skilyrðum. Þau hnigu að því að minnismerkinu yrði valinn hentugur staður við alfaraleið þar sem mörgu fólki væri greiður aðgangur til að sjá það og njóta þess, og borgin tæki á sig þá kvöð að tryggja viðhald þess.

Síðan hafði ég samband við vin minn Úlfar Þórðarson lækni, borgarfulltrúa þáverandi, og bað hann að annast málið af okkar Sigurjóns hálfu vegna þessa tilboðs til Reykjavíkurborgar og kanna hvort borgarstjórnin og borgarstjórinn í Reykjavík, sem þá var Geir Hallgrímsson, hefðu áhuga á því að þiggja slíka gjöf með fyrrgreindum skilmálum. Úlfar læknir var mjög hjálpfús, og einnig Páll Líndal borgarlögmaður. Við Sigurjón erum mjög glaðir og þakklátir fyrir það að borgarfulltrúarnir samþykktu einróma, í öllum greinum, uppástungu okkar. Sérstaklega þökkum við Geir Hallgrímssyni sem bæði þá og ætíð síðan sýndi einlægan áhuga á minnsimerkinu. Frá New York, þar sem ég bý, skrifaði ég Sigurjóni að hann skyldi hefjast handa um að gera minnismerkið en aðeins með einu skilyrði og fyrir mér væri það mjög mikilvægt. Skilyrðið var það að engin skilyrði fylgdu. Ég skrifaði honum að hann sem listamaður ætti að finna að honum væri frjálst að skapa verkið einsog honum þóknaðist, án þess að ráðgast við mig og — a priori, fyrirfram, — hefði hann fullt samþykki mitt. Þess vegna sjáið þið, fólkið í Reykjavík og í heiminum, og munuð sjá, þetta fagra listaverk eftir Sigurjón Ólafsson til minningar um Ninu Tryggvadóttur, sem Reykjavíkurborg hefur valið hér hinn veglegasta stað í nánu sambýli við myndlistarhús borgarinnar. Enda þótt Sigurjón hafi lokið við minnismerkið fyrir nokkru fagna ég því að sjá það afhjúpað í dag meðan miklir atburðir gerast. Fyrst er að telja 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar. Annað er sýningin Íslensk Myndlist í 1100 ár hérna í myndlistarhúsinu. Og í þriðja lagi gerist það samtímis því að Listasafn Íslands hyllir Ninu með stórri yfirlitssýningu á verkum hennar sem sýnd eru með frábærum hætti í öllum sýningarsölum Listasafns Íslands. Það er með innilegri gleði og stolti að ég, ásamt Sigurjóni Ólafssyni, gef nú Reykjavíkurborg og íbúum hennar listaverk hans til minningar um Ninu Tryggvadóttur.

Illu heilli tala ég ekki íslensku, því hef ég beðið vin minn Thor Vilhjálmsson að þýða ræðu mína á íslensku og lesa ykkur hana. Því næst mun dóttir mín, Una Dóra, fædd dóttir ykkar miklu og fögru borgar, afhjúpa þetta listaverk til minningar um móður hennar.

Þakka ykkur innilega.

Mr. President of Iceland,
Mr. Lord Mayor, Mr. President of the City Council,
Friends of Nína and mine, Fellow Artists,
Ladies and Gentlemen.

I should like to tell you the story how this sculptural monument by Sigurjón Ólafsson in memory of Nína Tryggvadóttir came into being. It was about one week after Nína's funeral here in Reykjavík nearly six years ago, when I received a phone call from my friend Sigurjón. He said, he liked to see me, as he wished to acquaint me with an idea he had. When we met, he told me that he liked to make a sculptural monument in memory of Nína. He thought that we both might give this monument to the City of Reykjavík. He suggested that my contribution to the monument would be to reimburse his expenses entailed in making the sculpture, while his contribution would be his artistic effort. I was deeply moved by the idea that an artist wanted to pay tribute to another artist in creating a work of art as a memorial. Since the poetic nature of this idea was appealing to me, I said without hesitation to Sigurjón that I accepted his proposal provided that the City of Reykjavík will fulfill a number of conditions. They require the placement of the monument at a prominent public location so that it can be readily seen and enjoyed by many people and the pledge to provide for its proper maintenance.

I then contacted my friend Dr. Úlfar Þórðarson, member of the City Council, and asked him to act on Sigurjón's and my behalf with regard to this offer to the City of Reykjavík, and to find out whether the City Council and the Lord Mayor of Reykjavík, who at that time was Mr. Geir Hallgrímsson, would be interested to accept such a gift under the conditions which I just mentioned. Dr. Úlfar was most helpful, and so was Mr. Páll Líndal, the City Lawyer. Sigurjón and I are very glad and grateful that the members of the City Council accepted fully and unanimously our proposition. Especially we thank Mr. Geir Hallgrímsson who then and always afterwards showed a warm interest in the monument.

From New York, where I reside, I wrote to Sigurjón that he could go ahead in making the memorial sculpture, but only under one condition — and to me it was an important one. The condition was that there was **no** condition. I wrote to him that he as an artist should feel free to create the work as he pleases without consulting me and — a priori — he had my full approval. As a result, you, the people of Reykjavík and of the world see and will see this fine work of art by Sigurjón Ólafsson in memory of Nína Tryggvadóttir placed here magnificently by the City of Reykjavík in close proximity to the Municipal Gallery of Art — Kjarvalsstaðir.

Although Sigurjón completed the memorial sculpture some time ago, I am happy to see in unveiled today during three great events. One is the 1100th anniversary of the settlement of Iceland. Two is the Exihition of 1100 years of Icelandic Art here nearby in Kjarvalsstaðir. And three it is at the time when the National Gallery in association with the 1974 Reykjavík Arts Festival pay tribute to Nína with a large retrospective exhibition of her work, superbly shown in all exhibition halls of the National Gallery of Iceland. It is with great joy and pride, that I together with Sigurjón Ólafsson give now his sculpture in memory of Nína Tryggvadóttir to the City of Reykjavík and its people.

Unfortunately I do not speak Icelandic. I therefore have asked my friend Thor Vilhjálmsson to translate my speech into Icelandic, which he kindly did, and to read it to you. Thereafter, my daughter Una Dora, who is a native daughter of your great and beautiful city, will unveil this monument in memory of her mother.

Thank you very much.



Listráð að Kjarvalsstöðum býður yður til opnunar á yfirlitssýningu á verkum L. Alcopley að Kjarvalsstöðum, laugardaginn 10. september 1977 kl. 16 eða sækja sýninguna síðar.

Gildir fyrir tvo

Listráð að Kjarvalsstöðum

Ólafur B. Thors, formaður
Jóhannes Jóhannesson
Þorgerður Ingólfsdóttir
Davíð Oddsson
Elísabet Gunnarsdóttir
Snorri Sveinn Friðriksson
Guðmundur Benediktsson

Framkvæmdastjóri Listráðs

Aðalsteinn Ingólfsson

Uppsetning sýningar

Aðalsteinn Ingólfsson
Jóhannes Jóhannesson
Guðmundur Benediktsson
Þorvaldur Skúlason

Hönnun sýningarskrár

Hörður Ágústsson

Þýðing texta

Aðalsteinn Ingólfsson

Ljósmynd af listamanni

Warren Brandt, Water Mill, N.Y.

Setning:

Prentstofa G. Benediktssonar

Prentun:

Prentstofa Reykjavíkurborgar

Letur: Vega grönn Vega medium